

## Fréttatilkynning

**Efni:** Könnun MMR á trausti almennings til helstu stofnana samfélagsins.  
**Úrtak:** Íslendingar á aldrinum 18-67 ára  
**Dagsetning:** 6. október 2009

---

### **Traust til Alþjóða gjaldeyrissjóðsins fer þverrandi Enn færri treysta bankakerfinu Lögreglan nýtur afgerandi trausts**

80,9% aðspurðra segjast bera mikið traust til Lögreglunnar, 69,7% segjast bera mikið traust til Háskóla Íslands, 64,2% segjast bera mikið traust til Ríkisútvarpsins og Háskólinn í Reykjavík nýtur trausts 54,0% svarenda.

Sem fyrr skilur mikið á milli ofangreindra fjögurra stofnana og annarra sem spurt var um í traustskönnun MMR dagana 9.-14. september s.l.. Þannig segjast eingöngu 25,3% bera mikið traust til stéttarfélaganna í landinu sem koma næst í röðinni á eftir Háskólanum í Reykjavík.


Bankakerfið situr sem fyrr á botninum hvað traust almennings áhrærir, en tæp 3% segjast bera mikið traust til þess. Fjöldi þeirra sem segist bera lítið traust til bankakerfisins eykst nokkuð milli kannana, fer úr 71,6% í maí 2009 í 80,0% nú.

Athygli vekur að traust til Alþjóða gjaldeyrissjóðsins minnkar verulega, stendur nú í 5,5% en fór hæst í 17,8% í desember 2008. Að sama skapi hefur fjölgað verulega í hópi þeirra sem segist bera lítið traust til Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, en 65,3% segjast bera lítið traust til sjóðsins nú samanborið við 38,7% í desember 2008 og 50,0% í maí 2009.

Sjá nánar í meðfylgjandi gröfum sem sýna niðurstöður könnunarinnar annars vegar og samanburð milli mælinga hins vegar.

### Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög lítið“ eða „frekar/mjög mikið“-



Spurt var: Hve mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila.


Svarmöguleikar voru: Mjög lítið traust, frekar lítið traust, hvorki mikið né lítið traust, frekar mikið traust, mjög mikið traust og veit ekki.

Niðurstöður sýna fjölda þeirra sem svöruðu annað hvort mjög/frekar mikið eða lítið traust.

Samtals tóku 98,2% afstöðu til spurningarinnar.


### Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög mikið" milli kannana-



### Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög lítið" milli kannana-



**Upplýsingar um framkvæmd:**

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR\*

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun\*

Svarfjöldi: 909 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 9.-14. september 2009

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.

\* Hópur álitsgjafa MMR telur liðlega 12.000 einstaklinga sem valdir hafa verið með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og fengnir til þátttöku í netkönnunum með símakönnun. Viðurkenndum aðferðum er beitt svo svörun endurspegli lýðfræðilega samsetningu þjóðskrár. Hópurinn er endurnýjaður vikulega allt árið um kring til að bæta fyrir brottfall og tryggja eðlilega endurnýjun.